Tilkynningar

Fuglaverndarfélag Íslands. Vetrarstarf Fuglaverndarfélags Íslands, hefst með fundi í Norræna húsinu 30. október 1980 kl. 8.30.

Eins og að undanförnu verða fundir haldnir í Norræna húsinu seint í hverjum mánuði.

Árni Waag talar um manninn og umhverfið í dag.

Í lok nóvember sýnir Skarphéðinn Þórisson litskyggnur og talar um líf og háttu starans, sem eins og vitað er, er nýr landnemi á Íslandi.

Kaffihlé um kl. 10.00.

Þessar kvöldvökur hafa verið mjög vel sóttar og alltaf ánægjulegt að koma í Norræna húsið og hitta áhugamenn og sérfræðinga í fuglafræðum.

Stjórnin.

Gigtarfélag Íslands heldur Happamarkað í Félagsstofnun stúdenta sunnudaginn 2. nóvember kl. 14.

Munum veitt móttaka hjá Guðrúnu Helgadóttur, Bjarkargötu 10 eftir kl. 17, sími 10956 og Guðbjörgu Gísladóttur, Skálagerði 5, sími 34251.

Hjálpræðisherinn.

Fimmtudag kl. 20.30: KVÖLDVAKA. MAJOR EDWARD HANNEVIK talar. Kvikmyndin „Transformde lives" verður sýnd. Unglingasönghópur syngur. Veitingar. Föstudag kl. 20.30: Einkasamsæti fyrir hermenn og heimilasambandssystur. Verið velkomin.

Frá Húnvetningafélaginu í Reykjavík: Vetrarstarf félagsins er nú að hefjast. Vetrarfagnaður verður í Domus Medica 31. október. Spiluð verður félagsvist, og að því loknu leika Hrókar fyrir dansi til kl. 2.

Kvennadeild félagsins heldur basar í Félagsheimilinu, Laufásvegi 25, laugardaginn 6. desember.

Á vegum skógræktarnefndar félagsins verða gefin út jólakort. Allur ágóði af kortasölunni gengur til skógræktar í Þórdísarlundi og Króksstaðakötlum.

Húnvetningamótið verður að Hótel Esju, 7. febrúar 1981.

Vorfagnaður verður að venju síðasta vetrardag 22. apríl, í Domus Medica.

Ýmis önnur starfsemi er fyrirhuguð í vetur, svo sem spilakeppni, opið hús o.fl. Bridgedeildin spilar á miðvikudagskvöldum í Félagsheimilinu.

Stjórn félagsins er þannig skipuð: Formaður Jóhann Baldurs, Aðalsteinn Helgason, varaformaður, Grímur Jósafatsson, ritari, Helga Berndsen, gjaldkeri, Gunnar Sölvi Sigurðsson, meðstjórnandi.

Félag verkfræðinema og Félag náttúrufræðinema við Háskóla Íslands hafa gefið út tímarit sitt, **Náttúruverk**, í 7. sinn. Að vanda er efni blaðsins fjölbreytt og fræðandi. Megininntak blaðsins er gjörnýting, nærtæk leið út úr hráefnakreppu iðnaðarþjóðfélagsins. Af öðrum greinum má nefna: Selir og hringormar, Steingervingar, Örtölvur og Útþensla alheimsins.

Tímaritið er til sölu í helstu bókaverslunum borgarinnar, s.s. Bóksölu stúdenta, Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Máli og menningu og Bókaverslun Snæbjarnar, auk þess er það fáanlegt hjá umboðsmönnum víðs vegar um landið.

Hvað er Bahái-trú? Opið hús að Öðinsgötu 20 öll kvöld frá kl. 20.30. Allir velkomnir.

Basar Kvenfélags Háteigssóknar verður að Hallveigarstöðum laugardaginn 1. nóvember kl. 2. Vandaðar handunnar gjafavörur og alls konar varningur. Skemmtifundur í Sjómannaskólanum 4. nóv. Bingó o.fl.

Kvenfélag Kópavogs: 30 ára afmælishóf í kvöld, fimmtudaginn 30. okt. í Félagsheimilinu kl. 20:30.

Stjórnin.

Basar Kvenfélags Kópavogs verður sunnudaginn 2. nóvember kl. 15 í Félagsheimilinu efri sal. Margt góðra muna og kökur í úrvali. Konur, vinsamlega skilið munum og kökum í síðasta lagi laugardaginn 1. nóv.

Basarstjórnin.

Fundir

Skotveiðifélag Íslands. Óformlegur umræðufundur um rjúpnaveiði og stöðuna í landréttarmálum verður haldinn miðvikudaginn 29. okt. kl. 21.30 í Borgartúni 18.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

Hallgrímssöfnuður, aðalfundur: Aðalfundur verður í Hallgrímskirkju föstudaginn 31. október kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Söknarnefndin.

Kvenfélag Fríkirkjufélagsins í Reykjavík heldur fund mánudaginn 3. nóvember kl. 20:30 í Iðnó uppi.

Stjórnin.

Happdrætti

Hlutavelta og flóamarkaður

í Hljómskálanum við tjörnina laugardaginn 1. nóv. kl.2 e.h.

Kvenfélag Luðrasveitar Reykjavíkur

Ferðalög

Föstud. 31.10. kl. 20

Snæfellsnes, góð gisting á Lýsuhóli, sundlaug, ökuferðir, gönguferðir, kvöldvaka með kjötsúpu á laugardagskvöld (glaðst með Gísla Albertssyni áttræðum). Upplýsingar og farseðlar á skrifst. Lækjarg. 6a.

Útivist, s. 14606

Minningarkort

Hjálparsjóður Steindórs frá Gröf. Minningarkort Hjálparsjóðs Steindórs Björnssonar frá Gröf eru afgreidd í Bókabúð Æskunnar, Laugavegi og hjá Kristrúnu Steindórsdóttur, Laugarnesvegi 102.

Minningarkort Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra eru afgreidd á eftirtöldum stöðum í Reykjavík: Skrifstofu félagsins Háaleitisbraut 13, sími 84560 og 85560. Bókabúð Braga Brynjólfssonar, Lækjargötu 2, sími 15597. Skóverslun Steinars Waage, Domus Medica sími 18519. Í Hafnarfirði: Bókabúð Olivers Steins, Strandgötu 31, sími 50045.

Minningarkort kvenfélags Bólstaðarhlíðarhrepps til styrktar byggingar ellideildar Héraðshælis A-Hún. eru til sölu á eftirtöldum stöðum: í Reykjavík hjá Ólöfu Unu sími 84614. Á Blönduósi hjá Þorbjörgu sími 95-4180 og Sigríður sími 95-7116.



Að Kjarvalsstöðum stendur nú yfir umfangsmesta sýning myndlistarverka sem sett hefur verið upp í húsinu til þessa. Er um að ræða yfirlitssýningu Braga Ásgeirssonar sem spannar 33 ára feril hans á myndlistarvettvangi, sem mikla athygli hefur vakið. Sýningin stendur of stutt yfir, en henni lýkur á sunnudagskvöld, 2. nóvember. Til þess að gefa sem flestum tækifæri til þess að skoða hana býður Bragi skólanemendum í fylgd með kennurum eða gegn framvísun skólaskírteina ókeypis á sýninguna á fimmtudag og föstudag (í dag og á morgun).

